



SÍÐAN 1964

Samgöngunefnd
Ingvar Þór Sigurðsson nefndarritari
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2006

Efni: Umsögn Flugskóla Helga Jónssonar vegna frumvarps um áframhaldandi styrk við Flugskóla Íslands

Flugskóli Helga Jónssonar hefur rekið flugskóla við Reykjavíkflugvöll frá 1964. Á þeim áratugum sem liðið hafa hefur flugskólinn aldrei fengið styrki frá ríkinu til rekstursins. Til þess að heilbrigð samkeppni ríki verður eitt yfir alla að ganga og því sýnt að styrkur ríkisins til Flugskóla Íslands er skekkja.

Flugskóli Helga Jónssonar fagnar frumvarpi til laga um brotfall laga um Flugskóla Íslands. Flugskólinn setur sig hinsvegar á móti ætluðum þjónustusamningi við Flugskóla Íslands um áframhaldandi styrk til hans vegna bóklegs atvinnuflugmannsnáms. Flugskóli Helga Jónssonar telur aðallega tvær ástæður fyrir því að hætta beri að veita Flugskóla Íslands styrk. Hér eru þær nefndar og rökstuddar.

1)

Í dag kennir Flugskóli Íslands einn bóklegt atvinnuflugmannsnám. Flugskóli Helga Jónssonar hefur hug á því að kenna bóklegt atvinnuflugmannsnám, en fyrir kennir Flugskóli Helga Jónssonar til allra stiga verklegs flugnáms og allra stiga bóklegs flugnáms, að bóklegu atvinnuflugmannsnámi undanskildu. Flugskóli Helga Jónssonar kenndi til bóklegs atvinnuflugmannsprófs áður en ríkið hóf afskipti af þeirri kennslu. Skólinn getur ekki séð að hægt sé að fara í samkeppni við Flugskóla Íslands á meðan Flugskóli Íslands fær styrki frá ríkinu.

2)

Samkvæmt verðskrá Flugskóla Íslands sem gildir frá 1. mars 2006 kostar bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið 650.000 kr. Lausleg könnun sýndi að flestir JAR-FCL 1 skólar erlendis, sem kenna JAA samþykkt ATPL nám, kosta frá rúmum 320 þúsund krónum og uppi 700 þúsund kr. Flugskóli Íslands er ofarlega í þeim skala, en það ber að skoða að Flugskóli




Íslands er rausnarlega styrktur af ríkinu, en erlendu skólarnir eru allir í einkaeigu og fá enga opinbera styrki.

Á fjárlögum er gert ráð fyrir því að Flugskóli Íslands fái 22 milljónir króna. Ef gert er ráð fyrir því að skólinn kenni eitt námskeið með 18 nemendum fær skólinn 1.872 þúsund krónur fyrir hvern nema, eða næstum 6 sinnum meira en sá skóli sem er með ódýrasta atvinnuflugmannsnámið. Námið hjá Flugskóla Íslands er 650 kennslustundir. Hver kennslustund kostar tæpar 3.000 krónur á hvern nemanda eða tæplega 52.000 kr. á 18 manna bekk.

Flugskóli Íslands er greinilega óheyrilega dýr í rekstri og greinilegt að skoða þarf rekstur skólans áður en frekari styrkir eru veittir.

Flugskóli Helga Jónssonar treystir sér til þess að bjóða uppá bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið á sama verði og Flugskóli Íslands býður í dag, en án þess að þiggja styrki og telur að hægt væri að sýna hagnað af slíku námskeiði. Verði hætt að styrkja Flugskóla Íslands mun Flugskóli Helga Jónssonar hefja kennslu í bóklegu atvinnuflugmannsnámi.

Virðingarfyllt,
Flugskóli Helga Jónssonar



Helgi Jónsson